

Umsögn

Efni: Tillögur varðandi um könnun á umfangi útvistunar og áhrifum hennar á kjör launafólks
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram eftirfarandi tillögur á fundi borgarráðs 30. ágúst 2018:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að könnuð verði áhrif útvistunar á kjör launafólks -
Lagt er til að áhrif útvistunar á kjör launafólks sem starfar í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að verði könnuð. Hér er sérstaklega verið að vísa til þeirra sem starfa við ræstingar, í mótuneytum og í akstursþjónustu. Þó að borgarsjóður sé einungis minnihluta eigandi að ýmsum fyrirtækjum, líkt og fram kemur í umsögn fjármálaskrifstofu, þá legg ég til að umfang útvistunar sé líka kannað þar, því að líkt og upprunalega tillagan segir vill Sósíalístaflokkurinn kanna þetta líka í félögum sem borgin á hlut að.

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að umfang útvistunar sé kannað, þ.e. fjöldi starfsfólks o.fl. -
Lagt er til að umfang útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að, þar með talið þeim sem borgin er einungis minnihluta eigandi að, sé könnuð. Hver er fjöldi þeirra sem starfa í gegnum verktakasamninga eða starfsmannaleigur?

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að umfang útvistunar sé kannað, þ.e. fjöldi starfsfólks o.fl. -
Lagt er til að umfang útvistunar hjá Reykjavíkurborg sé kannað, þ.e.a.s hver fjöldi starfsfólks er sem starfar m.a. við ræstingar, í mótuneytum og við akstursþjónustu eða annarskonar þjónustu í gegnum útboð, verktakasamninga og starfsmannaleigur. Einnig er lagt til að hið sama sé kannað á meðal starfa á vegum Reykjavíkurborgar innan um byggingarstarfsemi, gerð gatna og annarra samgöngumannvirkja. Hver er fjöldi þeirra sem starfar undir formerkjum útvistunar, verktakasamninga eða starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að? Hér er verið að biðja um tölulegar upplýsingar um fjölda starfsfólks.

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að talað verði við einstaklinga sem starfa í gegnum verktakasamninga eða starfsmannaleigu
Lagt er til að Reykjavíkurborg tali við þá einstaklinga sem starfa í gegnum verktakasamninga eða starfsmannaleigur í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að, þá sérstaklega við starfsfólk sem starfar í ræstingum, mótuneytum og við akstursþjónustu. Er þetta tilhögun sem starfsfólkinu hugnast eða er þetta fyrirkomulag sem er troðið upp á það?

Hér á eftir fara umsagnir um einstaka tillögur:



1. Tillaga um könnun á áhrifum útvistunar á kjör launafólks, sérstaklega þeirra sem starfa í mötuneytis-, ræstingar- og akstursþjónustu.

Í svörum fjármálaskrifstofu við fyrirspurnum Sósíalistasflokksins um sama efni er rakið sérstaklega hver hafa verið áhrif útvistunar í mötuneytis-, ræstingar- og akstursþjónustu. Það er mat fjármálaskrifstofu út frá þessum upplýsingum að ekki sé tilefni til frekari kannana á málinu hvað varðar A-hluta eða fyrirtækin í B-hluta sem virðast vera vel meðvituð á hag starfsmanna verktakafyrirtækja. Ekki er mælt með því að borgarráðs Reykjavíkurborgar hefji beinafskipti af málefnum starfsmanna í fyrirtækjum sem borgain á eignarhlut í enda í þeim bæði stjórnendur og stjórnir sem trúað er fyrir þessu hlutverki.

2. Tillaga um könnun á umfangi útvistunar, verktaka samninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar vegna mötuneytis-, ræstingar- og akstursþjónustu í A-hluta og fyrirtækjum á vegum borgarinnar.

Borgarsjóður hefur ekki gert verktakasamninga við launafólk né samninga við starfsmannaleigur. Í svörum fjármálaskrifstofu við fyrirspurnum Sósíalistasflokksins um þetta er rakið umfang útvistunar í mötuneytis-, ræstingar- og akstursþjónustu í A-hluta og fyrirtækjum í B-hluta. Það er mat fjármálaskrifstofu út frá þessum upplýsingum að ekki sé tilefni til frekari kannana á málinu hvað varðar A-hluta eða fyrirtækin í B-hluta. Ekki er mælt með því að borgarráðs Reykjavíkurborgar hefji beinafskipti af málefnum starfsmanna í fyrirtækjum sem borgain á eignarhlut í enda í þeim bæði stjórnendur og stjórnir sem trúað er fyrir þessu hlutverki.

3. Tillaga um könnun á umfangi útvistunar, verktaka samninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar með áherslu á störf í byggingastarfsemi, gerð gatna og annarra samgöngumannvirkja. Hér er jafnframt beðið um tölulegar upplýsingar um fjölda starfsmanna.

Borgarsjóður hefur ekki gert verktakasamninga við launafólk né samninga við starfsmannaleigur. Fjármálaskrifstofa hefur ekki náð að vinna gögn um fjölda starfsmanna verktaka í byggingastarfsemi, gerð gatna og annarra samgöngumannvirkja og það er ljóst að fjölda og samsetning starfsmannahópa breytist frá einum tíma til annars eftir framgangi verkefna. Útboð á þjónustu og framkvæmdum eru ekki uppbyggð á þann hátt að verið sé að semja um ákveðin fjölda starfsmanna til að vinna verkið heldur að um ákveðið verkefni og gæði þess. Ekki er krafist af verktökum í útboðsskilmálum að þeir tilgreini nákvæmlega fjölda starfsmanna og samsetningu mannafla á hverjum tíma. Erfitt getur reynst að afla gagna vegna þessarar fyrirspurnar. En í öllum framkvæmdaútboðum þurfa bjóðendur að staðfesta með undirritun að þeir muni uppfylla reglur Reykjavíkurborgar um keðjuábyrgð. Umhverfis- og skipulagssvið hefur eftirlit með verkframkvæmdum og er ýmist um eigin starfsmenn og/eða aðkeypta þjónustu að ræða. Eftirlitsmönnum er m.a. falið að fylgjast með hvort þeir sjái eitthvað sem þarfnast nánari athugunar og er ráðgert að ef ástæða er til þá sé haft samband við verkalýðsfélag, vinnueftirlit eða lögreglu. USK hefur sótt námskeið um hvernig þekkja má merki um mansal, námskeiðið var á vegum lögreglu.

4. Tillaga um að talað verði við einstaklinga sem starfa í gegnum verktakasamninga eða starfsmannaleigur í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að, þá sérstaklega við starfsfólk sem starfar í ræstingum, mötuneytum og við



akstursþjónustu. Er þetta tilhögun sem starfsfólkinu hugnast eða er þetta fyrirkomulag sem er troðið upp á það?

Borgarsjóður hefur ekki gert verktakasamninga við launafólk né samninga við starfsmannaleigur. Fjármálaskrifstofa mælir ekki með að tillaga um könnun á afstöðu starfsmanna verktakafyrirtækja til þess hvort þeim hugnist að starfa hjá verktakafyrirtækinu eða ekki verði samþykkt. Það er augljóst að byggingarstarfsemi er ekki kjarnaverkefni sveitarfélaga og augljóst hagræði af því fyrir sveitarfélög að treysta á verktaka fyrir slík tímabundin verkefni.

Sjá jafnframt svör fjármálaskrifstofu dags. 20. ágúst 2018 og 4. nóvember 2018 við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

